



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

OPIÐ HÚS Á BESSASTÖÐUM

Laugardaginn 18. júní verður forsetasetrið að Bessastöðum opið almenningi. Forsetahjón taka á móti gestum og býðst fólki að skoða staðinn milli klukkan 13:00 og 16:00.

Bessastaðastofa var byggð á 18. öld og á sér merka sögu. Í húsinu má sjá sýnishorn gjafa, sem forseta hafa borist, og fornleifar í kjallara veita innsýn í búsetu á Bessastöðum allt frá landnámstíð. Auk Bessastaðastofu munu gestir geta skoðað móttökusal og bókhöfðu forsetasetursins. Þá mun fyrsti forsetabíllinn, Packard bifreið Sveins Björnssonar, standa í hlaði en bifreiðin er árgerð 1942.

Starfsmenn embættis forseta og aðstoðarmenn veita upplýsingar um staðinn og verða gestum til aðstoðar.

16. júní 2022

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og Una Sighvatsdóttir (895 8885).